

Ársfundur

Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Ársfundur SSKS fór frá á Hilton Reykjavík Nordica, föstudaginn 22. september kl. 12:30.

Mætt voru Íris Róbertsdóttir Vestmannaeyjum, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Sigfús Ingi Sigfússon Skagafirði, Einar Kr. Jónsson Skaftárhreppi, Hulda Kristjánsdóttir Flóahreppi, Björg Ágústsdóttir Grundarfirði, Signý Gunnarsdóttir Grundarfirði, Sigurður Þór Guðmundsson Langanesbyggð, Sara Elísabet Svansdóttir Vopnafjarðarhreppi, Jóna Árný Þórðardóttir Fjarðabyggð, Björn Ingimarsson Múlabyggð, Jón Páll Hreinsson Bolungarvík og Ingibjörg Hinriksdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Jón Páll Hreinsson bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að hann myndi sjálfur stýra fundi og Ingibjörg skrifa fundargerð. Var það samþykkt.

Skýrði hann frá því að starfsemi samtakanna hafi ekki verið mikil síðasta ár og því frá litlu að segja í skýrslu stjórnar. Nokkrar tilraunir voru gerðar fundahalda í óformlegum tölvupóstsamskiptum en ekkert varð af formlegum fundum.

Jón Páll bar þá upp ársreikning samtakanna fyrir árið 2022 sem ber þess vitni að starfsemin var lítil.

Þá bar hann skýrslu stjórnar og ársreikninga upp til samþykktar og var hvoru tveggja samþykkt.

Loks bar hann upp tillögu um að árgjöld, sem eru engin, væru óbreytt og var það samþykkt.

Stjórnarkjör

Bar Jón Páll upp tillögu um að eftirtaldir væru kjörnir í stjórn:

- Kristinn Jónasson
- Björn Ingimarsson
- Íris Róbertsdóttir

Varastjórn:

- Björg Ágústsdóttir
- Jón Páll Hreinsson
- Katrín Sigurjónsdóttir

Endurskoðendur:

- Sara Elísabet Svansdóttir og
- Jóhannes Á. Jóhannsson

Umræður

Björg Ágústsdóttir sagði frá orkuskiptum í Grundarfjarðarbæ. Boraðar voru 10 holur og unnt verður að nota orkuna úr þeim m.a. til að kynda íþróttahús bæjarins.

Samstarf við ON um fjölvarmaveitu leiddi til þeirra niðurstöðu að dreifikerfið yrði of dýrt. Að auki mun lagning hitaveitu um allt sveitarfélagið vera mjög dýr og ekki í samræmi við hringrásarhagkerfið, að taka fullkomlega heilar götur til að grafa heitavatnslögn.

Draumurinn er að verða prufubýggð þar sem leitað yrði nýrra leiða við orkuöflun til húshitunar.

Íris kom því næst upp og skýrði frá því að hún muni gefa kost á sér sem formaður. Hún sagði lag núna að sækja á iðnaðarráðherra um sérstaka gjaldskrá fyrir sveitarfélög á köldum svæðum. Raforka sem við fáum til húshitunar á ekki að vera á sama verði og til annarra.

Íris lagði til að þegar stjórnin fundi muni bæði aðal- og varamenn funda saman þannig að það verður alltaf fundafært.

Fundarfólk ræddi að þessu loknu um innlegg þeirra Bjargar og Írisar.

Að lokum þökkðu fundargestir Jóni Páli fyrir hans störf í þágu samtakanna.

Fundi slitið kl. 13:13.